

59
14. júlí. Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarjettir og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

37. gr. Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í dagblaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í. Hver sá, sem sannar eignarrjett sinn að hinu selda fje, fær andvirði þess að frá dregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu fardaga.

6. kafli.

Um ótamin hross.

38. gr. Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdu hrossum á afrjett eða til fjalls svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álltur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum frá því þau eiga að rekast og til rjetta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjalland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi tryppaeiganda sje svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

39. gr. Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 til 50 króna sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, að undanteknum þeim hluta sektarinnar, samkvæmt 8. gr., er uppljóstrarmanni er ákveðinn. Með mál, sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefur samið, var staðfest og löggilt, samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Vesturamtsins á aðalfundi þess, dagana frá 13. til 15. júní þ. á, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1893.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 14. júlí 1893.

Kristján Jónsson

settur.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins árið 1892.

Tekjur:

	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1891	935 69
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	2287 63
	Tekjur alls kr. 3223 32

Gjöld:

60

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	287 38
2. — ferðakostnaðar	» »
3. — heyrnar- og málleysingja	480 »
4. — sáttamála	» »
5. — kostnaðar við amtsráðið	438 50
6. Ýmislegur kostnaður	685 88
7. Eptirstöðvar við árslok 1892	1331 56

Gjöld alls kr. 3223 32

Íslands Suðuramt, Reykjavík 14. apríl 1893.

Kristján Jónsson

settur.

Reikningur

61

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins árið 1892.

Tekjur:

	kr.	a.	kr.	a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1891:				
a. Veðskuldabrjef	17890	00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83	87		
c. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar	100	00		
d. Útistandandi vextir	40	00		
e. Í peningum	250	36	18364	23
2. Vextir alls á árinu			700	45
3. Búnaðarskólagjald 1892			876	52
			<u>Tekjur alls</u>	<u>kr. 19941 20</u>

Gjöld:

1. Borgað til Hvanneyrarskólans samkv. landsh. brjefi 5. febr. 1889 og ályktun amtsráðsins			202	80
3. Móti tekjulið 1 d., sem einnig innifaldar í tekjulið 2, færast til útgjalda			40	00
3. Eptirstöðvar við árslok 1892:				
a. Veðskuldabrjef	17840	00		
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	1290	66		
c. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar	100	00		
d. Útistandandi vextir	70	00		
e. Í peningum (þar af lánað út 1893, 300 kr.)	397	74	19698	40
			<u>Gjöld alls</u>	<u>kr. 19941 20</u>

Íslands Suðuramt, Reykjavík 15. apríl 1893.

Kristján Jónsson

settur.